

### **53. stjórnarfundur haldinn í Hótel Geirlandi Kirkjubæjarklaustri 14. desember 2011**

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritaði fundargerð. Fundur hófst kl. 10:30

#### **1. Samþykkt dagskrár**

Kristveig lagði til að bætt verði við lið á dagskrá sem nefndist „fundargerðir svæðisráða“. Tillagan samþykkt.

#### **2. Samþykki fundargerðar 1. nóvember 2011**

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

#### **3. Rekstrarmál 2011**

Reksturinn fyrstu 11 mánuðina er nokkurn veginn í jafnvægi m.v. áætlun. Óvíst er hvort endanleg niðurstaða ársins verður innan þess ramma sem settur var, en verður örugglega vel innan 4% marka.

Stjórn er sammála um að bjóða upp á bókunarþjónustu á gestastofum og taka gjald fyrir.

#### **4. Fjárlög 2012**

Eftir lokaumræðu og afgreiðslu fjárlaga 2012 hefur heildarframlag til rekstrar hækkð nettó um 14,2 m.kr. m.v. fjárlög 2011, að teknu tilliti til niðurskurðar. Mætt er óskum um lagfæringar á þegar áföllnum útgjöldum þessa árs vegna landvörslu á nýjum svæðum og svigrúm verður til að mæta landvörslu á hugsanlegum nýjum svæðum sem gætu komið inn á næsta ári. Einnig kemur inn fjármagn til að mæta rekstrarkostnaði við væntanlega sýningu í Gömlubúð á Höfn. Krafa um sértekjur hækkar á móti um 5,7 m.kr. m.v. fjárlög 2011

Stjórn fagnar því að komið er framlag til rekstrar miðstöðvar Vatnajökulspjóðgarðar á Höfn og jafnframt fjármunir til aukinnar landvörslu. Kom fram að gerður verður samstarfssamningur um rekstur Gömlubúðar á Höfn.

Framkvæmdafé á fjárlögum 2012 verður alls 169 m.kr., sem annars vegar er lækkun um 10 m.kr. frá fjárlögum 2011 og hins vegar eyrnamerkt tímabundin hækkun um 30 m.kr. til fyrsta áfanga undirbúnings og hönnunar væntanlegs þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri, sem m.a. mun hýsa gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Vestursvæði.

Stjórn fagnar því að komið er framlag til undirbúnings gestastofu á Kirkjubæjarklaustri.

Stjórn telur mikilvægt að í framtíðinni verði heilsársstörfum fjölgað.

## 5. Rekstraráætlun 2012

Í meginatriðum er um að ræða sambærilega rekstraráætlun fyrir árið 2012 og er í gildi fyrir yfirstandandi ár. Nýtt fjármagn kemur til rekstrar til að mæta viðbótarlandvörslu vegna nýrra svæða (Langisjór/Eldgjá og Breiðamerkursandur, ef hann kemur inn) og rekstri á sýningunni á Höfn. Stefnt að því að fyrstu drög að rekstraráætlunum svæða verði til kynningar í svæðisráðum fljótlega í janúar.

## 6. Aðgerðaáætlun

Kom fram að þjóðgarðsverðir hafa farið yfir fyrstu hugmyndir og orðin er til skrá yfir alla helstu framkvæmdaliði yfirstandandi árs og áætlaðar framkvæmdir næsta árs og grófar hugmyndir um framkvæmdir til og með árinu 2014.

## 7. Framkvæmdaáætlun 2012

Fjármagn á fjárlögum til hefðbundinna framkvæmda verður 10 m.kr. lægra en það var á yfirstandandi ári og kemur inn óverðbætt. Lagt fram yfirlit um óskir þjóðgarðsvarða um framkvæmdir. Eyrnamerkt er 30 m.kr. framlag til undirbúnings og fyrsta áfanga hönnunar á væntanlegu þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri. Með aðkomu umhverfisráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins verður ráðist í það verkefni sem fyrst á nýju ári.

Kom fram að einnig verður farið verði yfir framkvæmdaáætlun með svæðisráðum á nýju ári.

- *Kynning á starfsemi Vestursvæðis*

Snorri Baldursson mætti á fundinn kl. 12.40. Snorri kynnti starfsemi vestursvæðis og helstu verkefni.

- *Stjórnunar- og verndaráætlun; nýtt svæði við Langasjó og Eldgjá*

Snorri sagði frá verkferli og innihald áætlunarinnar. Svæðið sem um ræðir er sitthvoru megin við Lakagíga. Vinnan hófst í október með því að gerð var drög að hagsmunaaðilagreiningu, mótun samráðsáætlun, tímasetta verkefnisáætlun og gerð umhverfismats og fleira. Kom fram að kynning á verkefninu verði sett á netið fyrir júl. Gert er ráð fyrir að lokatillaga verði afhent á fyrstu mánuðum ársins 2012.

- *Vegur að Lakagígum*

Snorri fór yfir hugmyndir að vegbótum að Lakagígum.

- *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri*

Snorri og Elín Heiða kynntu hugmyndir um uppbyggingu á þekkingarsetri. Komið hefur fjárveiting í hönnun setursins. Fyrsta verkefni er að fá fram hverjir ætla að verða meðaðilar í verkefninu og fá á hreint hvernig á að fjármagna byggingu hússins. Fyrirséð fjármögnun þurfi að liggja fyrir sem allra mest fyrir áður en lagt verður upp með þennan fyrsta áfanga hönnunar.

## 8. Samráð um samgöngur

Kári Kristjánsson, fulltrúi þjóðgarðsins í samráðshópnum, mætti á fundinn kl. 12.40 og kynnti niðurstöðu hópsins. Sagði að rík samstaða hafi verið um niðurstöður.

Kristveig þakkaði fyrir kynninguna og fagnaði því að vera kominn með tillögurnar í hendurnar. Lýsti líka yfir ánægju hversu góð sátt er um langflest atriði. Lagði til að stjórn einbeitti sér á þessu stigi að fara yfir samráðsferlið, hvað hægt er að læra af vinnu hópsins og hvernig stjórn sér

fyrir sig framtíðarskipulag. Einnig í hvaða farveg væri best að setja úrvinnslu á tillögum hópsins með það að markmiði að komin verði ákvörðun um næstu skref fyrir vorið 2012.

## **9. Sameining stofnana - Vatnajökulspjódgarður**

Kristveig opnaði á umræðuna og fór yfir hugmyndir ráðgjafa dags. 22. nóvember 2011. Ræddi síðan yfirferð Sigrúnar um þær hugmyndir dags. 12. desember 2011. Tók Kristveig undir með Sigrúnu, sérstaklega er lýtur að stjórnfyrirkomulagi hinnar nýju stofnunar. Megináherslan ætti að vera sú að ef verður farið í sameiningu stofnana að þá verði ekki tekið upp stjórnfyrirkomulag sem búið væri að reyna og hafi ekki gengið upp, sbr. Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, heldur ætti að feta nýjar leiðir í ætt við hugmyndir Sigrúnar.

Hjalti gerði grein fyrir áherslum svæðisráðs Suðursvæðis og bæjarráðs Hornafjarðar. Þar er lögð áhersla á að mótuð hefur verið traust umgjörð utan um Vatnajökulspjódgarð og mikilvægt að halda áfram að byggja hann upp. Ásamt því þarf að gæta mjög að valddreifingu í nýrri stofnun ef hún er nær fram að ganga og hugmyndafræði hans um náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Björn Ármann lagði áherslu á að tillaga ráðgjafa væri afar grunnhyggin. Í raun væri með þeirri leið, sem þar er lögð til, að leggja allar forsendur sem lágu til grundvallar stofnun Vatnajökulspjódgarðs til hliðar. Vísaði hann í áhyggjur bæjarráðs Fljótaldalshéraðs um málsmeðferð og takmarkaða aðkomu sveitarfélaganna að þessum breytingum. Sagðist að lokum hafa alla fyrirvara á þessari tillögu.

Böðvar sagði að tillagan frá ráðgjafanum hefði ekki komið sér á óvart, hafði efasemdir um málshraðann og hugmyndina almennt. Sagði að fundur yrði í svæðisráðinu á föstudaginn og í framhaldi færi málið í sveitarstjórnina. Ræddi um tillögu Sigrúnar og sagði það skásta sem sést hafi í þessari umræðu hingað til, ef á annað borð eigi að breyta stjórnfyrirkomulagi garðsins. Rósa hafði efasemdir um áhrif sveitarstjórnar, að minnsta kosti þurfi að tryggja að áherslur náttúruverndar verði höfð í heiðri en ekki einungis byggðasjónarmið. Lagði áherslu á að allir Þjóðgarðir á Íslandi verði að vera hluti af hinni nýju stofnun.

Snorri sagði að stjórnfyrirkomulag í Vatnajökulspjódgarði hafi reynst besta fyrirkomulag í stjórnun verndaðra svæða þrátt fyrir að ýmsir hnókrar hafa verið á samráðinu hingað til. Elín ræddi bókun svæðisráðs vestursvæðis. Var lögð áherslu á að tryggja þurfi aðkomu heimamanna að stofnuninni, verði af henni. Meirihluti svæðisráðsins er á móti útfærslu ráðgjafanna og segir að forsendur fyrir stofnun Þjóðgarðsins séu brostnar ef hún nær fram að ganga.

Sigrún þakkaði fyrir undirtektir við hugmyndir sínar. Sagðist leggja áherslu á að allt landið verði undir ef af sameiningu verði. Taldi til bóta ef friðlýst svæði og Þjóðgarðar yrðu sett undir eina, sterka og samræmda stjórn. Það skipti ekki síst máli fyrir ferðamenn er varðar reglur og umgengni á friðslýstum svæðum og í Þjóðgördum.

Björn Ármann sagðist hafa áhyggjur af umræðunni um að lítið væri lélegt en stórt væri gott.

Stjórn er sammála um eftirfarandi áherslur:

*Að í umræðu um breytingar á stjórnfyrirkomulagi Þjóðgarða verði lögð áhersla á valddreifingu og meginmarkmið Vatnajökulspjódgarðs um náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Stjórn vill benda á að á skömmum tíma hafi starfsmenn og stjórn garðsins unnið heildstæða stjórnunar- og verndaráætlun komið uppbyggingu Þjóðgarðsins á grunni hennar vel af stað. Mikilvægt er að það starf verði í heiðri haft ef af breytingum verður. Því telur stjórnin ekki hægt að byggja á*

*tillögum ráðgjafa eins og þær eru núna. Þá leggur stjórn áherslu á gott samráð við stjórn þjóðgarðsins, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í komandi vinnu. Einnig að ef af sameiningu verði að þá verði allir þjóðgarðir og öll friðlýst svæði á Íslandi undir stjórn nýrrar stofnunar með aðkomu heimamanna og hagsmunaaðila að stjórn.*

## **10. Innra skipulag**

Kristveig lagði fram tillögu um verkaskiptingu faglegra málefna ásamt skipuriti dags. 12. des 2011, sem eigi að taka gildi þann 1. janúar 2012. Stjórn samþykkir framlagða tillögu með áorðnum breytingum.

## **11. Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls**

Rætt um þau verkefni sem til umræðu eru á næsta ári með aðkomu Vinanna; sýning í Gömlubúð á Höfn, lagfæring á sýningu í Skaftafellsstofu, fræðsluefni fyrir ferðamenn, skóla og fyrir yngri gesti þjóðgarðsins. Möguleg óbein aðkoma að útsýnispalli og göngutröppum við Eldgjá Umræða um samskipti við Vini Vatnajökuls. Lagt til að formaður stjórnar fundi með formanni stjórnar Vina Vatnajökuls á nýju ári.

## **12. Fundargerðir svæðisráða.**

Til kynningar.

## **13. Önnur mál**

- *Landsvæði við Dettifoss að vestan*

Böðvar fór yfir þær leiðir sem hægt er að fara til að ná utan um svæðið.

- *Kröflulína 2 & 3*

Björn Ármann gerði grein fyrir málinu og vísaði m.a. í fund í svæðisráði um málið. Kom fram að verið er að breyta aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna Kröflulínu. Málinu vísað til framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar Austursvæðis til afgreiðslu.

## **14. Næsti stjórnarfundur**

Haldinn á Suðursvæði 25. janúar.n.k.

Fundi slitið klukkan 17:30